

MATHÚS Glerárgötu 28

Lýsing

Landeignanúmer: L147848
Staðgreinir: 6000-1-27610280

Breytt notkun húsnæðisins felur í sér að starfræktur verður matarmarkaður, veitingaþjónusta og verslun. Matarmarkaðurinn er almennt opin frá kl. 11 til kl. 19. Veitingarsölum er heimilt að opna bása sína kl. 7 að morgni. Allir veitingastaðirnir eru í flokki 2. Alls eru 11 rekstraraðilar í jafnmörgum básum.

Heildarfjöldi starfsmanna er 24 á háannatíma. Í búningaóstöðu starfsmanna, á 2. hæð eru 24 fataskápar, sem er skipt jafnt á milli fataklefa kvenna og karla. Hjá fataklefum er kynjaskipt salerni. Ræsting er framkvæmd af þriðja aðila. Ræstibúnaður er geymdur í loftræstu rými, með tveimur skolvöskum, annar fyrir sameiginleg rými og hinn sameiginlegur fyrir minni rekstraraðila, sem ekki hafa ræsti skápa í sínu svæði.

Sameiginlegur kæli og þurrvölager er í húsinu og er plássinu úthlutað eftir rekstrarþörf hvers og eins. Sæti fyrir gesti eru 48 við borð, 193 við afgreiðsluborð og 8 utandyra. Hámarksgestafjöldi er 270 manns. Kaffistofa starfsfólk er 8m².

Sorpgeymsla er sameiginleg fyrir rekstraraðila. Sorpkerjum verður komið fyrir í læstu sorpskýli og samið verður við gámafyrirtæki um tæmingu eftir þörfum rekstraraðila.

Leigutakar einstakra bása verða að hafa samráð við heilbrigðisfyrirvöld og aðalhönnuð áður en starfsemi hefst.

Meðfylgjandi teikning sýnir grunnhugmyndina, með fyrirvara um síðari tíma breytingar sem kunna að verða nauðsynlegar.

